

**111. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn miðvikudaginn
17. október 2018 að Aðalstræti 10-12, Bolungarvík og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfandi forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) í síma og Þórir Sveinsson (ÞS).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 110. fundar stjórnar NAVE.

Lögð fram fundargerð 110. fundar stjórnar NAVE frá 8. október 2018.
Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Stofnanasamningur við starfsmenn NAVE.

Rætt um fyrirbyggjandi drög að stofnanasamningi á milli Náttúrustofu Vestfjarða og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN). SH falið að afla frekari upplýsinga hjá stjórnnum annarra náttúrustofa um umfjöllun og afgreiðslu stofnanasamninga hjá þeim.
Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

3. Fjárhagsstaða NAVE.

Lögð fram endurskoðuð útkomuspá um rekstur NAVE á árinu 2018. Spáin gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur verði um 4,7 millj.kr. á árinu.
Útkomuspánni vísað til ársfundar aðildarféлага NAVE, sem haldinn verður 17. október 2018.

4. Ársfundur NAVE 2018.

Farið yfir gögn ársfundur aðildarsveitarfélaga NAVE vegna rekstrarársins 2017 sem haldinn verður miðvikudaginn 17. október kl. 14:00 í húsnæði Náttúrugripasafns Bolungarvíkur að Vitastíg 3, Bolungarvík.

5. Önnur mál.

a. Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:40.

Smári Haraldsson (sign).

Hulda Birna Albertsdóttir (sign).

Sigríður Gísladóttir (sign).

Þórir Sveinsson (sign).